



SAMBAND SVEITARFÉLAGA Á SUÐURNESJUM

## 773. fundur

Árið 2021, er fundur haldinn í stjórn Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum föstudaginn 12. nóvember, kl. 8:00 á skrifstofu Sambands sveitarfélaga á Suðurnesja, Skógarbraut 945, 262 Reykjanesbær.

Mætt eru: Laufey Erlendsdóttir, Hjálmar Hallgrímsson, Ingþór Guðmundsson og Berglind Kristinsdóttir sem jafnframt ritaði fundargerð.

Jóhann Friðrik Friðriksson boðaði forföll með skömmum fyrirvara en ekki gafst tími til að boða varamann.

Ingþór Guðmundsson setti fund og bauð fundarmenn velkomna á fundinn.

### Dagskrá:

1. Tölvupóstur dags. 18.10.2021, frá Theódóru Þorsteinsdóttir, beiðni um tilnefningu í verkefnahópa v. Heimsmarkmiðin á Suðurnesjum.

Óskað er eftir tilnefningu í þrjá verkefnahópa;

- Hringrásarhagkerfið/loftlagsmál.
- Menntun á sviði sjálfbærni
- Lýðheilsa

Stjórn S.S.S. bendir á að sveitarfélögin tilnefna fulltrúa sveitarfélaganna í verkefnahópana. Vegna tengsla við verkefnið í verkefnahóp eitt, tilnefnir stjórn S.S.S, framkvæmdastjóra S.S.S. í þann hóp.

2. Bréf dags. 20.10.2021 frá landshlutasamtökum sveitarfélaga. Efni: Tilnefning fulltrúa í stýrihóp um framkvæmd heildarstefnu í úrgangsmálum.

- a) Bréf dags. 05.11.2021 frá Umhverfis- og auðlindarráðuneytinu.

Í bréfi Umhverfis- og auðlindarráðuneytisins dagsettu þann 5. nóvember 2021, kemur fram að ráðuneytið skipar fyrir hönd landshlutasamtaka á landsbyggðinni þau Eypór Björnsson framkvæmdastjóra SSSV sem aðalmann en til vara Berglindi Kristinsdóttir framkvæmdastjóra SSS í stýrihóp sem ætlað er að tryggja framkvæmd heildarstefnu í úrgangsmálum og einstökum aðgerðum stefnunnar, efla samvinnu stjórnvalda, haghafa og almennings í málaflokknum, formfesta samstarf þeirra á milli og tryggja virkt samráð sbr. aðgerð 27 í stefnu um meðhöndlun úrgangs 2021-2032.



SAMBAND SVEITARFÉLAGA Á SUÐURNESJUM

**3. Aðildargjöld til Áfangastaðastofu Reykjaness (Markaðsstofu Reykjaness) 2022 – tillaga að gjaldskrá.**

Sveitarfélögin á Suðurnesjum að stutt við fyrirtæki í Áfangastaðastofunni með því að leggja fram framlag svo hægt sé að bjóða upp á ókeypis aðildargjald.

Hefur sá þáttur verið hafður á frá upphafi Covid faraldursins. Lagt er til að aðildargjald verði innheimt af aðildarfyrirtækjum þar sem unnið hefur verið að miklum verðmætum fyrir ferðaþjóna á Suðurnesjum.

Dæmi um það:

- Meiri sýnileika á vefnum [visitreykjaness.is](http://visitreykjaness.is), [matarkistareykjaness.is](http://matarkistareykjaness.is) og í markaðsefni útgefna af Áfangastaðastofunni.
- Aðgangur að myndabanka á [upplifdu.is](http://upplifdu.is) og markaðsefni.
- Þátttaka í að móta og þróa áfangastaðinn Reykjaness til framtíðar.
- Þátttaka í að móta og þróa kynningarefni fyrir áfangastaðinn Reykjaness.
- Tækifæri til að gerast Geopark fyrirtæki.
- Tækifæri til þátttöku í sérverkefnum, sbr. ráðstefnur og fundir, og Mannamóti Markaðsstofa landshlutanna

Stjórn S.S.S. samþykkir framlagða tillögu að gjaldskrá fyrir árið 2022.

**4. Áfangastaðastofa Reykjaness – samantekt á kynningarglærum vegna verkefna ársins. Tengill á tölulega samantekt er hér**

<https://app2.cision.com/report?id=48a2ab9e-7eaa-49b6-a5b9-26c8aff9e171>

Lagt fram til kynningar. Fram kemur í samantekt Ferðamálastofu að 679.607 hafa deilt myndum og öðru efni á samfélagsmiðlum frá því að gosið hófst. Fjöldi lesenda er 175.675.506.075 og er áætlað auglýsingarverðmæti 48,5 mkr.

**5. Tölvupóstur dags. 07.11.2021 frá Árný Öldu Ásgeirsdóttur, v. áskorun um byggingu á skautahöll.**

Stjórn S.S.S. þakkar fyrir erindið og mun áframsenda það til aðildarsveitarfélagnanna sinna.

*Handwritten signatures and initials in blue ink, including a large signature and the number '2'.*



SAMBAND SVEITARFÉLAGA Á SUÐURNESJUM

6. Fundargerð Heklunnar nr. 87, dags. 10.09.2021.  
Lagt fram.
7. Fundargerð Heklunnar nr. 88, dags. 05.11.2021.  
Lagt fram.

*Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 8:40.*

*Laufey Erlendsd.*  
Laufey Erlendsdóttir

*Hjálmar Hallgrímsson*  
Hjálmar Hallgrímsson

*Ingbór Guðmundsson*  
Ingbór Guðmundsson

*Berglind Kristinsd.*  
Berglind Kristinsdóttir